

FRÉTTIR

Norðurslóðir Vilhjálms Stefánssonar á sýningu í New York Framsæktnar hugmyndir sem enn eiga erindi

Heimskautslöndin unaðslegu, sýning um ævi og störf landkönnuðars Vilhjálms Stefánssonar, hefur verið sett upp í Norræna húsinu í New York. **Hulda Stefánsdóttir** segir frá opnun sýningarinnar. Meðal viðstaddra voru forseti Íslands og ekkja Vilhjálms, Evelyn Stefánsson Nef.



Ljósmynd/Tina Buckman

Frá opnun sýningar um ævi og störf Vilhjálms Stefánssonar í Norræna húsinu í New York. Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, ekkja Vilhjálms, Evelyn Stefánsson Nef, forstjóri Alcan á Íslandi og Jón Haukur Ingimundarson frá Stofnun Vilhjálms Stefánssonar.

NEW YORK var heimaborg Vilhjálms Stefánssonar stóran hluta ævi hans. Á heimili sínu í Greenwich Village kom hann sér upp safni bóka um menningu og vísindi landa á norðurslóðum og sá sér farboða með fyrirlesturum um ferðir sínar og kynni af inútum. Fyrir ekkju Vilhjálms, Evelyn Stefánsson Nef, var það því sérstakt gleðiefni að sýningin Heimskautslöndin unaðslegu skyldi vera sett upp í Norræna húsinu í New York.

„Það að áhuginn fyrir störfum Vilhjálms skuli vera svo mikill sem raun ber vitni, nú tæpum hundruð árum síðar, gleður mig innilega,“ sagði Evelyn við opnun sýningarinnar þar

sem húsfyllir varð. Þetta er fjórði áfangastaður sýningarinnar sem unnið er af Stofnun Vilhjálms Stefánssonar á Akureyri, í samvinnu við Dartmouth-háskóla í New Hampshire. Þar starfaði Vilhjálmur á seinni árum ævi sinnar og ánaðni skólanum bókasafn sitt. Sýningin New York er styrkt af kanadíska álfyrirtækinu Alcan. Í tengslum við hana hefur verið efnt til dagskrár um störf Vilhjálms Stefánssonar og er það m.a. gert í samvinnu við hið virta Landkönnuðarfélag í New York, en Vilhjálmur var

stofnfélagi þess og formaður í tvígang.

Heimskautslöndin unaðslegu samanstendur af ljósmyndum Vilhjálms og samferðarmanna hans, kvikmyndaskeiðum og dagbókabrotum frá ferðum Vilhjálms og fyrstu kynnum af einangruðum þjóðflokki koparínúta árið 1912.

Verkunum er kaflaskipt eftir viðfangsefnum, s.s. lífsbarátta, lífnaðarhættir og samskipti hvítra og inúta. Sýningin er hönnuð af Þórunni Þórgrímsdóttur og sýningarstjóri hennar

er dr. Jón Haukur Ingimundarson.

„Þessi sýning kallar fram áhrif sem Vilhjálmur kynnti fyrir umheiminum, bæði með bókaskrifum og fyrirlesturum, þegar hann var hér í New York,“ sagði Jón Haukur. „Vildi hann meina að norðurslóðir væru í senn byggilegar, lífvænlegar og unaðslegar.“

Tækifæri í aukinni samvinnu landa á norðurslóðum

Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, gerði framsýni Vilhjálms Stefánssonar að umtalsefni í ræðu sinni. Vísaði hann til hugmynda Vilhjálms um samvinnu landa á norðurslóðum, allt frá Rússlandi til Bandaríkjanna, sem vissulega hefði ekki alltaf átt upp á pallborðið. „Þetta er því ekki bara einhver saga, því hugmyndir Vilhjálms eiga erindi við okkur í dag,“ sagði Ólafur Ragnar í stuttu samtali við opnunina.


„Sýningin og atburðir í tengslum við sýninguna hér í New York eru mjög í anda Vilhjálms Stefánssonar. Hér hefur verið efnt til samstarfs ólíkra aðila, bæði úr menningar- og fjármálagjöf, á Íslandi, í Kanada og í Bandaríkjunum, og það með góðum árangri.“

Ólafur sagði arfleifð Vilhjálms Stefánssonar og hugmyndir hans um samvinnu landanna í norðri geta orðið Íslendingum til framdráttar á 21. öld. „Ég held að norðurslóðir sé vettvangur þar sem Íslendingar geta lagt mikið efnislegt til málna. Þar getum við verið gerandi og skapandi afl í aukinni samvinnu, svo sem á sviði orku- og samgöngumála, vísinda, menningar- og umhverfismála.“

Skálatúnsheimilið fagnar 50 ára afmæli

Heimilis- menn fagna með söng og veislu

SKÁLATÚNSHEIMILIÐ í Mosfellsbæ, þar sem rekið er vistheimili fyrir þroskahefta, varð fimmtíu ára



Kristján Þorgeirsson

í gær. Heimilið er sjálfseignarstofnun á vegum Bindindissamtakanna I.O.G.T. og Styrktarfélags vangefinna. Í dag fagna heimilismenn, starfsmenn og aðstandendur

heimilisins fimmtugsafmælinu með veglegri veislu í Hlégarði í Mosfellsbæ og opnu húsi í vinnustofum heimilisins frá klukkan tíu.

Kristján Þorgeirsson, framkvæmdastjóri Skálatúnsheimilisins, segist afar glaður á þessum tímaótum. „Við fögnum afmælinu með veislu í Hlégarði klukkan hálfþrjú og einnig með því að vinnustofur heimilisins eru opnar frá tíu um morguninn, öllum almenningi. Öllum er velkomið að koma og sjá og kynna sér handverkið og kaupa ef menn vilja.“

Góður aðbúnaður

Fjórutíu og fjórir þroskaheftir einstaklingar búa á Skálatúnsheimilinu, á fimm samþýlum sem eru inni á lóðinni. „Þau fá alla þjónustu hér sem til fellur. Hér eru vinnustofur og sundlaug sem er notuð alla daga. Við störfum samkvæmt þessari almennu hugmyndafræði um velferð þroskahefta, við reynum að búa vel að þeim og hjálpa þeim.“

Við erum líka með þjálfun fyrir þau sjálf sem tengist bæði vinnustofunum og þjálfun fyrir fjölfatlaða sem við höfum í kjallara Skálatúnsheimilisins,“ segir Kristján og bætir við að í Skálatúni sé reynt að veita heimilisfólki þann aðbúnað sem nútíminn kallar á og þykir sjálfsgaður.

Kristján segir margt skemmtilegt verða gert í veislunni í dag og mikið verði sungið.

Athuga- send frá Jóni Stein- ari Gunn- laugssyni

LÖGREGLUSTJÓRINN í Reykjavík hefur sent Jóni Steinari Gunnlaugssyni eftirfarandi bréf, en hann hefur óskað eftir birtingu á því í Morgunblaðinu.

„Að beiðni yðar í símtali í síðustu viku skal hér með staðfest að þann 19. desember 2003 var rannsókn á kærnu Jóns Ásgeirs Jóhannssonar á hendur umþjóðanda yðar, Jóni Gerald Sullenberger, fyrir ætlaðar hótanir hætt með vísan til 1. mgr. 74 gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19, 1991.“

Í umræddri lagagrein stendur: „Lögregla vísar frá kærnu um brot ef ekki þykja efni til að byrja rannsókn út af henni. Hafi rannsókn byrjað getur lögregla einnig hætt henni ef ekki þykir grundvöllur til að halda henni áfram eða ef í ljós kemur að kærna var ekki á rökum reist. Sá sem á hagsmunum að gæta getur borið ákvörðun lögreglu undir ríkissaksóknara sem tekur fullnaðarákvörðun um hvort rannsókn skuli fara fram eða ekki.“

Bréf viðskiptaráðuneytisins til stjórnar SPRON-sjóðsins

VIÐSKIPTARÁÐUNEYTIÐ sendi 28. janúar bréf til stjórnar SPRON-sjóðsins. Í bréfinu segir:

„Hinn 23. janúar sl. var tilkynnt til Kauphallar Íslands hf. að undirritaður hefði verið samningur á milli Kaupþings-Búnaðarbanka hf. og sjálfseignarstofnunarinnar SPRON-sjóðsins ses. um kaup bankans á öllum þeim hlutum í SPRON hf. sem SPRON-sjóðurinn ses. verður eignandi að, gangi fyrirhuguð breyting á SPRON í hlutfélag eftir. Fram kemur í tilkynningunni að endurgjaldið fyrir hlutina samkvæmt samningnum sé sex milljarðar króna. Í tilkynningu til kauphallarinnar, dags. 22. desember sl., kemur fram að gangi áform eftir um að SPRON verði hluti af samstæðu Kaupþings-Búnaðarbanka hf. muni bankinn greiða væntanlegum hluthöfum SPRON hf. andvirði um níu milljarða króna.“

Fram hefur komið á opinberum vettvangi að mat óháðs aðila á verðmæti SPRON sé 7,4 milljarðar króna, þar af sé stofnfémetið á 1,4 milljarða króna, skv. 74. gr. laga um fjármálfyrirtæki nr. 161/2002. Hlutur sjálfseignarstofnunar skv. 76. gr. laga um fjármálfyrirtæki verði sex milljarðar króna. Einnig hefur komið fram að Kaupþing-Búnaðarbanki hf. sé tilbúinn að greiða níu milljarða króna fyrir hlutfélag SPRON hf., þ.e. sex milljarða króna fyrir hlut sjálfseignarstofnunarinnar (gengi 1) og þrjá milljarða króna fyrir hlutfélag stofnfjáreignenda (gengi 2,13).

Samkvæmt upplýsingum frá Ríkisskattstjóra – Sjálfseignarstofnana-skrá er SPRON-sjóðurinn ses. skráð sjálfseignarstofnun í atvinnurekstri. Þá er ljóst að við fyrirhugaða hlutfélagavæðingu SPRON skal sparisjóðurinn gangast fyrir stofnun

sjálfseignarstofnunar, sem um skulu gilda lög um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur, skv. 76. gr. laga um fjármálfyrirtæki. Samkvæmt 44. gr. laga um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur nr. 33/1999 fer viðskiptaráðherra með almennt eftirlit með framkvæmd laganna. í 45. gr. laganna er ráðherra heimilt að tilnefna mann eða menn til að gera sérstaka rannsókn hjá sjálfseignarstofnun varðandi stofnun hennar eða tilgreind atriði í starfsemi. Samkvæmt 46. gr. laganna getur ráðherra krafist allra gagna og upplýsinga til að hann megi rækja störf sín samkvæmt lögum. Þá getur ráðherra gefið einstökum stjórnarmönnum eða framkvæmdastjóra fyrirmæli um að bæta úr, telji hann að þeir hafi brotið gegn ákvæðum laganna eða samþykktunni sjálfseignarstofnunarinnar. Loks er kveðið á um í 42. gr. laganna að sjálfseignarstofnanaskrá geti boðið stjórnarmönnum að inna skylduverk af hendi, ef þeir vanrækja skyldur sínar samkvæmt ákvæðunum ráðherra, að viðlagðri dagsekt.

Ráðherra íhugar að grípa til aðgerða á grundvelli ofangreindra ákvæða vegna framangreinds samnings SPRON-sjóðsins ses. við Kaupþing-Búnaðarbanka hf. Því fer viðskiptaráðherra fram í skýringar á eftirfarandi, sbr. 46. gr. laga um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur og 10. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993:

1. Í 4. mgr. 8. gr. laga um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur kemur fram að með sjálfseignarstofnanir skuli fara sem félög með takmarkaðri ábyrgð eftir því sem við á. í 76. gr. laga um hlutfélag nr. 2/1995 er m.a. kveðið á um að félagsstjórn megi ekki gera neinar

þær ráðstafanir sem bersýnilega eru fallnar til þess að afla ákvæðnum hluthöfum eða öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna á kostnað annarra hluthafa eða félagsins. Loks kemur fram í 35. gr. laga um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur að stofnendur, stjórnarmenn og framkvæmdastjórn skulu skyldir til að bæta stofnuninni það tjón sem þeir hafa valdið henni í störfum sínum.

Hvernig telur stjórn SPRON-sjóðsins ses. að ofangreindur samningur á milli Kaupþings-Búnaðarbanka hf. og sjálfseignarstofnunarinnar SPRON-sjóðsins ses. um kaup bankans á væntanlegu hlutfélag stofnunarinnar í SPRON hf. samræmist ofangreindum ákvæðum? Sérstaklega er þess óskað að spurningunni verði svarað í ljósi þess að nefndur samningur kveður á um sölu á hlut sjálfseignarstofnunarinnar á genginu 1 þegar fyrir liggur að stofnfjáreignendur, þ.m.t. stjórnarmenn í SPRON-sjóðnum ses., muni fá tilboð um sölu á sínum hlut á genginu 2,13.

2. Í 21. gr. laga um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur er kveðið á um að stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri megi ekki taka þátt í meðferð máls um samningsgerð á millistofnunarinnar og þriðja manns ef þeir hafa þar verulegra hagsmuna að gæta sem kunnir að fara í bága við hagsmuni stofnunarinnar. í 3. mgr. 76. gr. laga um fjármálfyrirtæki er gert ráð fyrir að í stjórn sjálfseignarstofnunar sem hluthafi í sparisjóði skuli eiga sæti fimm menn úr fulltrúaráði stofnunarinnar. Í 3. mgr. 76. gr. laganna kemur hins vegar fram að fulltrúaráðið geti valið fleiri til setu í ráðinu. Þannig er möguleiki á að aðrir en stofnfjáreignendur sitji í stjórn sjálfseignarstofnunar sem er hluthafi í sparisjóði.

Hvernig telur stjórn SPRON-sjóðsins ses. það samræmast ofangreindum ákvæðum að stjórn sem skipuð er núverandi stofnfjáreignendur SPRON skuli taka ákvörðun um sölu á væntanlegu hlutfélag sjálfseignarstofnunar fyrir 6 milljarða króna þegar vitað er að heildartilboðsfjárhæð í SPRON hf. verði 9 milljarðar króna? Þannig virðist liggja fyrir að forsenda fyrir því að þeir og aðrir stofnfjáreignendur fái tilboð á genginu 2,13 sé að þeir samþykki tilboð Kaupþings Búnaðarbanka hf. óbreytt.

3. Í 1. mgr. 76. gr. laga um fjármálfyrirtæki er kveðið á um að sé ákvæðið að breyta sparisjóði í hlutfélag samkvæmt ákvæðum 73. gr. laganna skuli sparisjóðurinn gangast fyrir stofnun sjálfseignarstofnunar sem við breytingu verður eigandi þess hluta hlutfjár í sparisjóðnum semkveðið er á um í 74. gr. laganna. í 2. mgr. 76. gr. laganna er kveðið á um að í stjórn sjálfseignarstofnunar skuli eiga sæti fimm menn úr fulltrúaráði stofnunarinnar. Loks kemur fram í 3. mgr. 76. gr. laganna að fulltrúaráð sjálfseignarstofnunarinnar, sem í skulu eiga sæti allir stofnfjáreignendur í viðkomandi sparisjóði er honum var breytt í hlutfélag, skuli kjósa stjórnarmenn sjálfseignarstofnunarinnar.

Á hvaða grundvelli telur stjórn SPRON-sjóðsins ses. að hún hafi umboð til að taka ákvörðun f.h. sjálfseignarstofnunar sem skipuð skal stjórn sem kosin skal að fulltrúaráði stofnunarinnar?

Óskað er eftir að framangreindar skýringar berist viðskiptaráðuneytinu eigi síðar en 5. febrúar næstkomandi. Einnig er þess óskað að þau gögn sem varpað geti ljósi á málið verði send ráðherra á sama tíma.“